

AÐ VERA UNGLINGUR Í DAG



MARGMIÐLUNARSAMKEPPNI

fyrir nemendur í 8.-10. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar 2007-2008

Keppnin fer fram á vorönn 2008

Reglur:

1. Hvert margmiðlunarverkefni skal vera 3-4 mínútur að lengd og fjalla um þemað: **Að vera (hafnfirskur) unglingur í dag.**
2. Margmiðlunarverkefni skal skila á wmv-formati eingöngu.
3. Verkefnum skal skila á tölvudiski í lokuðu umslagi, ásamt nafni höfunda (r), til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, merkt MARGMIÐLUNARSAMKEPPNI. Skilafrestur er til 15. apríl 2008.
4. Heimilt er að nota hvaða hugbúnað sem er til að vinna verkefni en bent er á fríhugbúnaðinn **Photo Story 3** sem heppilegan hugbúnað. Eina skilyrðið er að margmiðlunarverkefni innihaldi myndir (ljósmyndir og/eða kvikmyndir), tal og texta í samspili en tónlist eftir atvikum.
5. Allt efni skal vera frumsamið af höfundi/-um, þ.e. texti, myndir og tal. Nota má tónlist frá öðrum í verkefni en tónlistin verður að vera notuð samkvæmt íslenskum ákvæðum um höfundarrétt.
6. Leyfilegt er að fleiri en einn höfundur sé að hverju margmiðlunarverkefni.
7. Heimilt er að senda inn fleiri en eitt verkefni eftir sama höfund.
8. Dómnefnd metur verkefni og eru veitt þrenn verðlaun sem eru stafrænar myndavélar.

Verðlaun fyrir margmiðlunarverkefni verða veitt á Björtum dögum 2008.

Margmiðlunarverkefnin sem berast í keppnina verða sýnd á Björtum dögum 2008 á 100 ára afmæli bæjarins.

